

Náttúrustofa Vestfjarða

Fuglalíf og gróðurfar í Tungudal í Skutulsfirði eftir heimildum

vegna frummats á umhverfisáhrifum af vegagerð

Unnið fyrir Ísafjarðarbæ

Þorleifur Eiríksson
og
Arnlín Óladóttir

Janúar 1999

Fuglalíf og gróðurfar í Tungudal eftir heimildum

Vegna frummatsá umhverfisáhrifum vegagerðar

Þorleifur Eiríksson og Arnlín Óladóttir

Efnisyfirlit

Samantekt

Inngangur	3
Tungudalsvegur	3
Múlavegur	4
Samanburður á Tungudalsvegi og Múlavegi	4

Fuglalíf í Tungudal eftir heimildum

Þorleifur Eiríksson dýrafræðingur

Inngangur	5
Tungudalsvegur	5
Múlavegur	7

Gróðurfar í Tungudal eftir heimilum

Arnlín Óladóttir Vistfræðingur

Inngangur	8
Tungudalsvegur	8
Múlavegur	10
Skrá yfir pöntur úr Tungudal í gagnagrunni NÍ.	11

Heimildir	12
------------------	-----------

Fuglalíf og gróðurfar í Tungudal eftir heimildum

v/ frummats á umhverfisáhrifum vegagerðar

Þorleifur Eiríksson og Arnlín Óladóttir

Samantekt

Inngangur

Tækniþjónusta Vestfjarða fór þess á leit við Náttúrustofu Vestfjarða í janúar 1999 að Náttúrustofan gæfi álit á áhrifum “Tungudalsvegur” og “Múlavegar” á fuglalíf og gróðurfar vegna frummats á umhverfisáhrifum vegagerðar að skíðasvæði í Seljalandsdal í Skutulsfirði.

Tungudalsvegur er áætlaður nýr vegur í norðurhlíð Tungudals, frá skíðaskálanum sem þar er, utan í hlíð Háubrunar og upp á Seljalandsdal. Múlavegur eru breytingar á núverandi vegi upp að skíðasvæðinu.

Ekki er hægt að gera neinar athuganir á fuglalífi eða gróðurfari um miðjan vetur svo aðeins var leitað að tiltækum upplýsingum og skoðað hvaða ályktanir væri hægt að draga af þeim.

Þorleifur Eiríksson dýrafræðingur sá um heimildakönnun um fuglalífið
Arnlín Óladóttir vistfræðingur sá um heimildakönnun um gróðurfarið.

Tungudalsvegur

Fuglalíf

Mjög litla upplýsingar fundust um fuglalíf í Tungudal og engar skipulegar athuganir. Það er vitað að þar er að finna flestar algengar tegundir spörfugla og vaðfugla sem sést hafa í nágrenninu en ekkert vitað um sjaldgæfari tegundir eins og t.d. Auðnutittling.

Áhrif á fuglalíf munu fara mikið eftir því hvað vegurinn hefur mikil áhrif á umhverfið, sérstaklega vatnsrennsli og þar af leiðandi gróðurfar. Ef áhrif vegagerðar eru nær eingöngu að land fer undir veginn þarf ekki að búast við miklum áhrifum á tegundasamsetningu nema að hlutföll tegunda gætu breyst, en þéttni minnkar. Ef vegurinn hefur mikil áhrif á vatnsrennsli og gróðurfar verða áhrifin mun meiri og bæði þéttni og tegundasamsetning gæti breyst, sérstaklega neðan til í hlíðinni og rétt fyrir neðan hana. Þar sem upplýsingar eru mjög takmarkaðar er erfitt að koma með nákvæmar tilgátur.

Gróðurfar

Á svæðinu er gamalt birkikjarr sem hefur verndargildi í sjálfum sér. Arnlín þekkir svæðið vel vegna annarra athugana á svæðinu en hún hefur ekki gert skipulegar athuganir. Það eru því ekki til plöntulistar eða gróðurkort af svæðinu.

Það eru til skráningar á fundarstöðum tegunda í Tungudal í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands, þar á meðal þrjár sjaldgæfar tegundir og þá helst eggvívlaðka (*Listera ovata*), sem er friðuð tegund, en Tunguskógur er einn af fáum þekktum fundarstöðum þessarar tegundar.

Ef ekki verða gerðar sérstakakar ráðsafanir til að tryggja vatnsrennsli undir veginn mun veglagning þvert á hlíðina breyta vatnmiðlun og jafnvel hafa þau áhrif að þurrka upp hlíðina neðan vegar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum á náttúrulegt gróðurfar sem og á trjávöxt.

Múlavegur

Þessi leið fylgir að mestum hluta núverandi vegstæði og veldur tiltölulega litlu raski.

Fuglalíf er lítið á því svæði sem fer undir breytingar á Múlavegi og áhrif vegarins á fuglalíf væntanlega óveruleg.

Samanburður á Tungudalsvegi og Múlavegi.

Áhrif breytinga á Múlavegi á gróður og fuglalíf verða frekar litlar. Í Tungudal er fjölbreytt gróðurfar og fuglalíf. Áhrif vegagerðar í hlíðinni verða umtalsverðar, þó það megi draga úr skaðlegum áhrifum með mótvægisáðgerðum.

Þar er fyrst og fremst verið að ræða um upgræðslu vegkantarins með svipuðum gróðri og er í kring og að tryggja vatnsmiðlun í hlíðinni neðan vegar.

Út frá áhrifum vegagerðar á gróður og fuglalíf er því Múlavegur mun betri kostur.

Fuglalíf í Tungudal eftir heimildum

v/ frummats á umhverfisáhrifum vegagerðar

Þorleifur Eiríksson dýrafræðingur

Inngangur

Gert er ráð fyrir fyrir tveim möguleikum á vegtengingu við skíðasvæðið í Seljalandsdal, Tungudalsvegi og Múlavegi.

Tungudalsvegur, frá skíðaskálanum sem þar er, utan í hlið Háubrunar og upp á Seljalandsdal. Múlavegur, endurbygging núverandi vegar með breyttri legu efsta hluta hans neðan við skíðaskálann.

Tungudalsvegur

Tungudalur er fjölbreytt svæði og því má búast við nokkrum tegundum fugla. Norðurhlíðar Tungudals þar sem fyrirhugaður vegur á að liggja eru vaxnar kjarri vaxnar en þegar ofar dregur taka við lyngmóar lyngmóar.

Aðferðir

Leitað var að rituðum heimildum um fuglaathuganir á svæðinu og haft var samband við þá aðila sem hugsanlega gætu hafa gert athuganir eða vissu eitthvað um fuglalíf á svæðinu.

Niðurstöður

Ekki fundust neinar ritaðar heimildir um athuganir á fuglum í Tungudal, en athuganir hafa verið gerðar á fjörum í botni Skutulsfjarðar (Sigurður Ægisson 1992) og í Seljalandsdal (Þorleifur Eiríksson o.fl. 1998).

Þeir aðilar sem haft var samband við vissu ekki um neinar skipulegar fuglaathuganir á umræddu svæði (Jón Reynir Sigurvinsson, Philippe Ricart, Sigurður Ægisson, Smári Haraldson munnl. uppl.).

Samkvæmt upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands (Kristinn H. Skarphéðinsson skrifl. uppl.) er ekki kunnugt um neinar fuglaathuganir úr Tungudal. Fuglalíf þar telst því ókannað.

Svæðið sem um ræðir í Tungudal er á mörkum tveggja reita nr 3037 og 3137 í 10 x 10 km reitakerfi Náttúrufræðistofnunar Íslands. Athuganir í reit 3037 eru flestar úr botni Súgandafjarðar og snerta því ekki Tungudal. Athuganirnar í reit 3137 eru flestar gerðar í kringum flugvöllinn á Ísafirði. Þær gefa því hugmynd um hvaða tegundum má búast við, en snerta ekki Tungudal sérstaklega.

Tungudalur er vinsælt útivistarsvæði og þar er Sumabústaðabyggð. Það hafa því margir tekið eftir fuglum án þess að um skipulegar athuganir hafi verið að ræða.

Fuglategundir sem er mjög líklegt eða öruggt að verpi á svæðinu eru eftirfarandi

Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>
Fjallrjúpa	<i>Lagopus mutus</i>
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>
Hrossagaukur	<i>Galinago galinago</i>
Músarindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>
Maríuerla	<i>Motacilla alba</i>

Fuglategund sem er líklegt að verpi í skóginum er

Smyrill	<i>Falco columbarius</i>
---------	--------------------------

Fuglategund sem gæti orpið í skóginum er

Aðnutitlingur	<i>Carduelis flammea</i>
---------------	--------------------------

Það er vitað um eftirfarandi tegundir varpfugla í Tungudal. Í skóginum og næsta nágrenni er skógarþröstur mjög algengur, en einnig þúfutittlingur og hrossagaukur. Rjúpa virðist vera algeng. Í skóginum og útjaðri hans er mikið af stökkönd og hún virðist fara hátt upp í hliðina, en annars er ekkert vitað um dreifingu varpsins. Músarindill verpir í útjaðri skógarins og við sumarbústaðina, en hvað hann verpir víða er ekki vitað. Maríuerla er mikið við sumarbústaðina. Heiðlóa er líka á svæðinu. Steindepill er mest ofan til. Auðnutittlingur hefur sést á svæðinu og það er vitað um hann á öðrum svæðum í nágrenninu svo auðnutitlingur gæti orpið í hlið Tungudals. Smyrill sést oft í Tungudal en ekki er vitað hvar hann verpir. (Bára Einarsdóttir, Bragi Þorsteinsson, Gunnlaugur Jónasson, Jón Reynir Sigurvínsson, Philippe Ricart munnl. uppl. og eigin athuganir).

Gerðar voru athuganir á fuglalífi í Seljalandsdal vorið 1998 (Þorleifur Eiríksson o.fl 1998). Í þeirri athugun sáust tvær tegundi sem ekki er vitað hvort verpa í Tungudal.

Spói	<i>Numenius phaeopus</i>
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>

Í Seljalandsdal er nær ekkert kjarr og þar er mýri. Svæðið er því ekki sambærilegt, en svæðin efst og neðst í hliðum Tungudals eru svipuð svæðum í Seljalandsdal.

Í könnuninni í Seljalandsdal sást fálki og fálki veiðir væntanlega líka í Tungudal.

Fálki	(<i>Falco rusticolus</i>).
-------	------------------------------

Umræður

Í heildina séð virðist fuglalíf í Tungudal vera gróskumikið og fjölbreytt, en tilviljunarkenndar athuganir eru ekki nákvæmar upplýsingar til að nota sem grunn fyrir lýsingu á fuglalífi svæðisins.

Það er mjög líklegt ef ekki öruggt að í Tunguskógi og næsta nágrenni verpi að minnsta kosti níu tegundir fugla. Þær tegundir sem virðast mest áberandi eru skógarþröstur og hrossagaukur, en það virðist líka vera mikið stökkandarvarp.

Áhrif vegagerðar á fugla á svæðinu verða sennilega mest af fjórum ástæðum. Í fyrsta lagi fer hluti af búsvæðinu undir veginn. Í öðru lagi skerst svæðið í sundur af veginum og minnkar þannig nýtingu svæðisins. Í þriðja lagi gæti gróður og aðrar aðstæður breyst fyrir neðan veginn og þannig haft áhrif á fuglalíf. Í fjórða lagi eykst truflun og þá er miðað við að frmkvæmdir verði ekki á varptíma.

Ef röskunin á landinu verður aðallega að hluti svæðisins fer undir veginn, þá er ekki líklegt að tegundasamsetning breytist þannig að einhverjar tegundir hverfi alveg, en væntanlega mun þéttin minna. Vegarlagningin hefur væntanlega ekki sömu áhrif á allar, en það er erfitt að segja nokkuð ákveðið þar sem næstum ekkert er vitað um dreifingu fuglanna.

Ef vegalagningin hefur umtalsverð áhrif á aðra umhverfisþætti eins og vatnsrennsli og gróður fyrir neðan vegin geta áhrifin áfuglalífið orðið mun meiri, en þar sem nær ekkert er vitað um þéttu og dreifingu einstakra fuglategunda er erfitt að giska á hverjar þær breytingar gætu orðið.

Engar skipulegar athuganir á fuglalífi í norðurhlíðum Tungudals fundust, einungis tilviljunarkenndar athuganir. Það er því ekkert vitað með vissu um fuglalíf á svæðinu hvorki nákvæma tegundasamsetningu né þéttu. Það skal tekið skýrt fram að þetta er veikur grunnur til að byggja á.

Múlavegur

Fuglalíf er lítið á því svæði sem fer undir breytingar á Múlavegi og áhrif vegarins á fuglalíf væntanlega óveruleg.

Aðferðir og niðurstöður

Leitað var að rituðum heimildum um fuglaathuganir á svæðinu og haft var samband við þá aðila sem hugsanlega gætu hafa gert athuganir eða vissu eitthvað um fuglalíf á svæðinu, en engar fundust.

Undirritaður leit lauslega á þetta svæði þegar var verið að gera fuglaathuganir í Seljalandsdal og sá þá bara eina tegund (Þorleifur Eiríksson o.fl 1998).

Steindepill

Oenanthe oenanthe

Umræður

Breyting á veginum hefur sennilega lítil áhrif á fuglalíf á þessu svæði.

Gróðurfar í Tungudal eftir heimilum

v/ frummats á umhverfisáhrifum vegagerðar

Arnlin Óladóttir Vistfræðingur

Inngangur

Gert er ráð fyrir fyrir tveim möguleikum á veltengingu við skíðasvæðið í Seljalandsdal, Tungudalsvegi og Múlavegi.

Tungudalsvegur: frá skíðaskálanum sem þar er, utan í hlíð Háubrunar og upp á Seljalandsdal.
Múlaveg: endurbygging núverandi vegar með breyttri legu efsta hluta hans neðan við skíðaskálann.

Ekki hefur gefist tækifæri til að skoða svæðið sérstaklega af þessu tilefni, enda ekki rétti árstíminn til gróðurathugana, þær verður ekki hægt að framkvæma fyrr en í fyrsta lagi seinni part júnímánaðar. Verður eftirfarandi umsögn því eingöngu byggð á upplýsingum annarra og almennri þekkingu á svæðinu.

Tungudalsvegur

Tungudalsvegur, frá skíðaskálanum sem þar er, utan í hlíð Háubrunar og upp á Seljalandsdal

Tungudalur er hefðbundið útivistar- og athafnasvæði Ísfirðinga. Hugmynd um vegstæði liggur í nokkuð brattri, kjarri vaxinni hlíð þar sem eru lyngbrekkur efst en skógarreitir neðst, aðallega barrtré. Ekki hefur verið gerð formleg athugun á þessu svæði og verða því raktar þær heimildir sem fyrir liggja.

Fyrirhugað vegstæði er innan svæðis nr. 315 á Náttúruminjaskrá sem er þar m.a. vegna þess að þar er “vöxtulegur birkiskógur” (Náttúruminjaskrá sjöunda útgáfa 1996).

Eigin athuganir.

Undirrituð hefur verið meira og minna við vinnu á norðanverðum Vestfjörðum s.l. 3 sumur og þekkir því svæðið vel í sjón.

Árið 1994, var farin fræsöfnunarferð á vegum Skógræktar ríkisins vegna birkirannsóknna. Farið var um kjarrið í dalbotninum og neðst í hlíðum. Sumarið 1998 var síðan unnið að úttekt á aðfluttum trjágróðri vegna landsáætlunar í skógrækt. Skoðaður var trjálundurinn í Tungudal og nánasta umhverfi hans, sérstaklega ofan til.

Kjarrið í dalbotninum er lágvaxið, þéttir flákar en ekki samfelld. Botngróður er að mestu lyngjurtir. Birkið í hlíðinni umhverfis trjálundurinn hefur aftur á móti notið góðs af því skjóli sem barrtrén veita. Hæð þess er um 2- 3 metrar, rótarskot gera það að verkum að erfitt og nánast ókleyft er að fara um svæðið. Botngróður er mikið til gras- og blómjurtir, töluvert sást af vöxtulegum sjálfsánum reynivið.

Aðrar heimildir

Í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands um útbreiðslu plantna á Íslandi sem fengin var hjá Herði Kristinssyni á Akureyri, eru heilmargar skráningar úr Tungudal þar á meðal: eggtvíblaðka (*Listera ovata*), sóldögg, (*Drosera rotundifolia*) og grájurt, (*Omalotheca sylvatica*)

Sóldögg, og grájurt, eru frekar sjaldgæfar tegundir, en þær hafa báðar verulega meiri útbreiðslu um landið en eggvíblaðka þótt staðbundnar séu við ákveðin svæði. Báðar hafa líka töluverða útbreiðslu einmitt á Vestfjörðum (Hörður Kristinsson bréfl. uppl.)

Eggvíblaðka, sem hefur fundist í Tunguskógi (Stefán Stefánsson 1948; Steindór Steindórsson 1946; Hörður Kristinsson, skrifl. uppl.), er á lista yfir friðlýstar plöntutegundir samkvæmt auglýsingu nr. 184/1978. og á valista með tegundum í nokkurri hættu (Válisti 1. Plöntur. 1996).

Eggvíblaðka hefur kjörlendi í skóglendi og grasbollum og gæti því sem best verið til staðar í eða við fyrirhugað vegstæði.

Hún er dreifð um Vesturland frá Eyjafjöllum norður fyrir Steingrímsfjörð á liðlega 10 stöðum. Hvarvetna er hún mjög strjál og lítið á hverjum stað. Algengust er hún um utanvert Eyjafjarðarsvæðið, og umhverfis Skaftafell. Hún er því ekki í hættu á landsmælikvarða, þótt henni yrði útrýmt í Tunguskógi í Skutulsfirði. Þótt allmargar skráningar séu við Skutulsfjörð, bendir flest til þess að þær eigi rætur að rekja til sama fundarstaðarins í Tunguskógi, þar sem Helgi Jónasson fann hana 1955-56 og Áskell Löve hefur einnig staðfest hana þar.

Eggvíblaðkan er einnig fundin í Selárdalsskógi við Súgandafjörð eftir heimild frá Kristjáni G. Þorvaldssyni. Þessir tveir staðir eru einu þekktu fundarstaðir tegundarinnar sunnan Djúps á Vestfjörðum. Þrátt fyrir það hefur Helgi Jónasson farið mjög víða um skóga á þessu svæði, auk þess sem staðkunnugir heimamenn hafa töluvert litið eftir plöntum á svæðinu á ýmsum tímum (Hörður Kristinsson bréfl. uppl.).

Hörður Kristinsson telur að “Það væri því veruleg eftirsjá í öðrum þessara tveggja fundarstaða, og þá ekki síst fyrir heimamenn á Vestfjörðum”.

Það er ekki vitað nákvæmlega hvar í Tunguskógi eggvíblaðkan hefur fundist, né heldur hversu útbreidd hún er þar. En þetta hvort tveggja skiptir verulegu máli fyrir mat á umhverfisáhrifum, ef um staðbundið rask er að ræða.

Umfjöllun:

Birkiskógar eru upprunaleg gróðurlendi af þeirri gerð sem óviða eru til utan Íslands og hafa því verndargildi í sjálfum sér. Skóglendi í bröttum hlíðum er sérlega vel til þess fallið að vernda hlíðarnar fyrir jarðvegsrofi og skriðuföllum. Þetta gerir það að verkum að ekki skal nartað frekar í upprunalega birkiskóga landsins nema brýn ástæða sé fyrir hendi.

Það má líka benda á annan kafla 6. grein laga um skógrækt 1955. sem segir:

“Í skógum eða kjarri má hvorki höggva tré né runna á annan hátt en þann, að höggvið sé innan úr, þannig, að skógurinn eða kjarrið sé grisjað, enda sé það gert í samráði við skógarvörð. Ekkert svæði má rjóðurfella nema með samþykki skógræktarstjóra, og þó því aðeins, að sá, sem heggur, skuldbindi sig til þess að breyta landinu í tún eða græða upp skóg að nýju á öðru jafnstóru svæði og hafa byrjað á því innan tveggja ára”

Birkikjarr er víða í hlíðum á Vestfjörðum svo svæðið er þannig ekki einstakt, en nákvæmari upplýsingar vantar til að meta hvort kjarrið í Tungudal hefur sérstöðu.

Þó að veglagning í Tungudal fari í sjálfu sér ekki yfir nema lítinn hluta skóglendisins í hlíðinni þá mun hún rjúfa samfellu skógarins, breyta vindakerfi hans, vatnsmiðlun og opna fyrir möguleika á jarðvegsrofi.

Vöxtur í trjálundinum í Tungudal er nokkuð góður og má það að miklu leyti þakka jafnri vatnsmiðlun í og undan skriðunum. Veglagning þvert á hlíðina mun breyta þessari vatnsmiðlun og jafnvel hafa þau áhrif að þurrka upp hlíðina neðan vegar með ófyrirsjáanlegum

afleiðingum á náttúrulegt gróðurfar sem og á annan trjávöxt. Þá er líklegt að töluverð snjósöfnun verði á veginn vegna gróðursins í kring og því erfitt um vik að koma í veg fyrir frekari skemmdir á skóglendinu vegna snjóruðnings.

Þá má einnig benda á það að Tungudalsvegur mun skera hlíðina á mjög áberandi hátt, þar sem hún blasir við frá alfaraleið.

Mótvægisáðgerðir

Uppgræðsla þarf að taka mið af gróðri umhverfisins, bæði hvað varðar tegundasamsetningu, útlit og uppruna.

Áðgerðir til þess að fela veginn í trjágróðri munu auka snjósöfnun og því nauðsynlegt að meta að hvað miklu leyti snjómokstur hindrar að vegkantar séu græddir kjarri.

Þá verður að gera þá kröfu um frágang vegarins að vatnsmiðlun breytist sem minnst, t.d. að lögð verði mörg ræsi undir veginn eða jafnt vatnsrennsli tryggt með öðrum aðferðum, í stað þess að safna vatninu saman á fáa staði sem gæti skapað kröftugt vatnsrof í leysingum á vorin.

Múlavegur

Múlavegur er endurbygging núverandi vegar upp að skíðsvæðinu í Seljalandsdal, með breyttri legu efsta hluta hans neðan við skíðaskálann. Ný vegalagning á þessari leið fylgir að einhverju leyti gömlum vegslóða. Hann var genginn í sumar og skoðað nánasta umhverfi, án nánari athugana.

Undirrituð gerði s.l. sumar úttekt á gróðri vegna frummats á umhverfisáhrifum snjóflóðavarna við Seljaland í Skutulsfirði. Sú athugun byggðist fyrst og fremst á gerð varnargarðanna sjálfra, en þó var skoðað nánasta umhverfi þeirra (Þorleifur Eiríksson o.fl. 1998).

Samkvæmt þeim athugasemdum sem þá voru skráðar og loftmynd af svæðinu er hér um að ræða gróðurhverfi sem líkist “svæði 1” Gróðurhverfin þar eru holt, lyngmói og yfir í lyngdældir og grasbolla í fremur smágerðu mynstri. Holtasóley og gamburmosapúfur áveðra, krækilyng þar sem mishæðir veita vörn og yfir í bláberjalyng og jafnvel aðalbláberjalyng þar sem skjól er best. Gróðurþekja 25 - 80% eftir sama mynstri.

Umfjöllun:

Þessi leið fylgir að mestum hluta núverandi vegstæði og veldur tiltölulega litlu raski. Ný vegagerð á þessu svæði liggur að mestu yfir lyngmóa og mela þar sem gróðurþekja er rofin og snjósöfnun greinilega í lágmarki.

Samanburður á Tungudalsvegi og Múlavegi

Að ofansögðu má ljóst vera að Múlavegur er mun betri kostur en Tungudalsvegur sé hugað að gróðurfari.

Plöntutegundir í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem skráðar eru með Tungudal sem fundarstað (Hörður Kristinsson skrifl. uppl).

Akurfax	<i>Bromus arvensis</i>	Ljósadúnurt	<i>Epilobium lactiflorum</i>
Arfanæpa	<i>Brassica rapa</i>	Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>
Belgjastör	<i>Carex panicea</i>	Lófótur	<i>Hippuris vulgaris</i>
Birki	<i>Betula pubescens</i>	Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>	Lyngjafni	<i>Lycopodium annotinum</i>
Broddastör	<i>Carex microglochis</i>	Melasól	<i>Papaver radicum</i>
Brönugrös	<i>Dactylorhiza maculata</i>	Mógrafabrusi	<i>Sparganium hyperboreum</i>
Dúnhulstrastör	<i>Carex pilulifera</i>	Mýrafinningur	<i>Trichophorum caespitosum</i>
Eggtvíblaðka	<i>Listera ovata</i>	Mýrasauðlaukur	<i>Triglochin palustre</i>
Engjamunablóm	<i>Myosotis scorpioides</i>	Mýrasef	<i>Juncus alpinus</i>
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>	Reynir	<i>Sorbus aucuparia</i>
Finnungur	<i>Nardus stricta</i>	Rjúpastör	<i>Carex lachenalii</i>
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>	Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>
Flækjujurt	<i>Rorippa sylvestris</i>	Sérbýlisstör	<i>Carex dioeca</i>
Freyjubrá	<i>Leucanthemum vulgare</i>	Skariffill	<i>Leontodon autumnalis</i>
Geithvönn	<i>Angelica sylvestris</i>	Skollaber	<i>Cornus suecica</i>
Grájujurt	<i>Omalotheca sylvatica</i>	Skógarkerfill	<i>Anthriscus sylvestris</i>
Grávorbólóm	<i>Draba incana</i>	Skrautfífill	<i>Hieracium thulense</i>
Græðisúra	<i>Plantago major</i>	Skriðlingresi	<i>Agrostis stolonifera</i>
Gullstör	<i>Carex serotina</i>	Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>
Gulstör	<i>Carex lyngbyei</i>	Söldögg	<i>Drosera rotundifolia</i>
Háliðagras	<i>Alopecurus pratensis</i>	Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>	Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>
Hárdepla	<i>Veronica officinalis</i>	Undafífill	<i>Hieracium</i>
Hlaðkolla	<i>Chamomilla suaveolens</i>	Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Ígulstör	<i>Carex echinata</i>	Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>	Prenningarfjóra	<i>Viola tricolor</i>
Krossfífill	<i>Senecio vulgaris</i>		
Litunarjafni	<i>Diphazium alpinum</i>		

Heimildir

Auglýsing um friðlýsingu nokkura plöntutegundanr. 184. 1978.

Hörður Kristinsson. 1999. Bréflugar upplýsingar úr gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson. 1999. . Bréflugar upplýsingar úr gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands. Reykjavíkurstetur.

Lög um skógrækt nr. 3, 6. mars 1955, með síðari tíma breytingum.

Náttúruminjaskrá sjöunda útgáfa 1996. 66 bls. + kort. Náttúruverndarráð. Reykjavík.

Sigurður Ægisson. Fuglalíf í botni Skutulsfjarðar. Könnun gerð á tímabilinu 2. október 1991 – 30. september 1992. Skýrsla til Vegagerðarinnar á Ísafirði. Bolungarvík. 1992.

Steindór Steindórsson. 1946. Vestfirðir I.Gróður. Vestfirðingafélagið Reykjavík.

Stefán Stefánsson. Flóra Íslands. 1948. III. útg. aukin. Hið Íslenska Náttúrufræðifélag.

Válisti 1. Plöntur. 1996. 82 bls. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.

Þorleifur Eiríksson, Arnlín Óladóttir og Ragnar Edvardsson. 1998. Athuganir á fuglum, gróðri og fornminjum í Seljalandsdal. Skýrsla til Ísafjarðarbæjar v/frummats á umhverfisáhrifum snjóflóðagarðs. Náttúrustofa Vestfjarða.